

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. janúar 2017
UST201701-054/A.B.G.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Sjókvíaeldi - Arnarlax - Ísafjarðardjúp

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun Arnarlax fyrir 10.000 tonna framleiðslu á laxi á ári í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Ráðgerð er umfangsmikil uppbygging fiskeldis í Ísafjarðardjúpi eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun fyrir Arnarlax en þar er farið yfir áform eldisfyrirtækja í djúpinu. Fram kemur að nái eldisáform fram að ganga muni heildarframleiðsla á laxfiskum í Ísafjarðardjúpi verða 24.800 tonn auk 600 tonna af þorski á ári.


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi eftirfarandi upplýsingar að liggja fyrir:


- Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að tillaga að vöktunaráætlun eldisins liggja fyrir eins snemma í ferlinu og kostur er. Í frummatsskýrslu ættu að liggja fyrir upplýsingar um það hvernig fyrirtækið hyggst vakta umhverfisáhrif eldisins.
- Gera þarf ítarlega grein fyrir samlegðaráhrifum með annarri starfsemi í firðinum þar sem áætlað er að fara í umfangsmikið eldi. Gera þarf grein fyrir skörun og samlegðaráhrifum við núverandi starfsemi en einnig þarf að gera grein fyrir hvaða áhrif eldið hefur á aðra nýtingu og lífríki í firðinum, t.d rækjugengd og kalkþörungum.
- Ítarleg umfjöllun þarf að koma fram í frummatsskýrslu um lífrænt álag vegna eldisins og hverju það muni bæta við þá mengun sem nú þegar er losuð í viðtakann. Hér er m.a. hægt að byggja á niðurstöðum þeirrar vöktunar sem nú þegar er í gangi hjá þeim fyrirtækjum sem eru með rekstur á svæðinu.
- Vakin er athygli á því að mjög mikilvægt er að burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar liggja fyrir eins snemma og kostur er. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að Hafrannsóknarstofnun vinni að burðarþolsmati fyrir Ísafjarðardjúp en þeirri vinnu sé ekki lokið. Samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 skal burðarþolsmat fylgja umsókn um rekstrarleyfi og er það hlutverk Matvælastofnunar að taka við umsóknum um rekstrarleyfi og taka ákvarðanir þeim tengdum. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að taka á móti umsóknum um starfsleyfi og taka ákvarðanir tengdum þeim. Við þá ákvarðanatöku spilar burðarþolsmat stórt hlutvert, enda segir matið til um hversu miklu lífrænu álagi viðtakinn getur tekið við.
- Koma þarf skýrt fram hver hámarks lífmassi verði á hverjum tíma í kvíum Arnarlax og gera þyrfti sérstaklega grein fyrir mesta mögulega lífmassa á eldissvæðum.

- Umhverfisstofnun telur einnig nauðsynlegt að fjallað verði ítarlega um slysasleppingar og mögulega erfðablöndun við villtan lax og hversu víða slíkra áhrifa gæti gætt. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði fjallað um viðbragðsáætlanir og mótvægiságerðir vegna mögulegra slysasleppinga. Umhverfisstofnun telur að eðlilegt sé að þessi umfjöllun byggist m.a. á þeirri reynslu sem skapast hefur, enda er Arnarlax fyrirtæki sem hefur verið lengi í rekstri í fiskeldi.
- Að lokum bendir Umhverfisstofnun á að umræða hefur nú verið í nokkurn tíma um möguleika á notkun geldfisks og einnig á möguleikum á notkun lokaðra eldiskvía. Umhverfisstofnun telur að eldisfyrirtæki ættu að fjalla um þessa möguleika í mati á umhverfisáhrifum enda ljóst að með nýrri tækni eins og t.d. lokuðum eldiskvíum þá horfi til lausna hvað varðar áskoranir sem fiskeldi stendur frammi fyrir þegar kemur að umhverfisáhrifum eldisins, eins og uppsöfnun lífræns úrgangs og erfðablöndunar svo eitthvað sé nefnt.

Beðist er velvirðingar á að tafist hefur að svara erindinu. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
Sérfræðingur